

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 12.2. 2017.

Fundarstaður: Í gegnum fjarfundarbúnað

Fundur settur kl. 20:00. Mættir eru : GS, BB, HB og KSI

- Tilboð lögð fram í bekki m/borðum. Samþykkt að kaupa 5 bekki m/borðum á samtals 225 þús kr. Bekkir verða staðsettir á Lundabergi, Tröllaenda, við brennuna, við vörðuna, við Vesturbúðir og við kirkjuna. Umræða um jarðveg og mögulegar festingar.
- Umhverfisverðlaun rædd. Tillaga um verðlaunahafa ársins 2016 samþykkt sem og að tilnefna næst eftir tvö ár.
- Umræða um aðalfund. Engar tillögur um dagskrá eða lagabreytingar hafa borist frá félagsmönnum. Boða þarf til fundarins með tveggja vikna fyrirvara með tölvupósti og setja auglýsingu á heimasíðu FFF. Fundurinn verður haldinn 11. Mars k. 14 í Konnakoti, sal Barðstrendingafélagsins, Hverfisgötu 105, 2.h. Samþykkt að láta fylgja fundarboði klausu úr lög félagsins (eða tengil á þau) um atkvæðarétt, rétt til fundarsetu og möguleika á aukaaðild í félaginu. Tillögur um fundarstjóra ræddar.
- Vetrarhátíð rædd. Hátíðin er í undirbúningi hjá fjölskyldunni í Vogu. Samþykkt að fyrirframgreiða kostnað vegna salarleigu og matarinnkaupa samkvæmt áætlun.
- Stígagerð rædd. Enn vantar efni í stíginn upp á Lundabergið.

Fundi slitið kl. 21:00